

Nd.

55. Frumvarp

til laga um ríkisskattanevnd.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisskattanevnd skipa þrjú menn og 2 varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna í þeirri röð, er fjármálaráðherra ákveður.

2. gr.

Fjármálaráðherra skipar menn í nefndina og ákveður formann hennar. Skulu nefndarmenn skipaðir til 6 ára þannig, að einn nefndarmaður fer frá annaðhvert ár, í fyrstu tvö skiptin eftir hlutkesti. Einn nefndarmanna skal hafa þekkingu á landbúnaði og annar á sjávarútvegi og viðskiptum,

3. gr.

Ríkisskattanevnd hefir aðsetur í Reykjavík. Skal nefndinni ætlað rúm í húsnæði Skattstofu Reykjavíkur. Skattstjórinn í Reykjavík skal vera ráðunautur nefndarinnar og aðstoða hana að því leyti, sem starf hans leyfir og eigi kemur í bága við endurskoðun og úrskurði nefndarinnar um hans eigin verk.

4. gr.

Störf ríkisskattanevndar eru þessi:

1. Að úrskurða kærur út af úrskurðum yfirskattanevnda um álagningu tekju- og eignarskatts og útsvara. Séu kærur um tekju- og eignarskatt ásamt öllum nauðsynlegum gögnum komnar til nefndarinnar eigi síðar en í júlilok. Ríkisskattanevnd skal hafa lagt úrskurð á kærur þessar fyrir októberlok, og tilkynna innheimtumanni skattsins og aðilunum úrslitin tafarlaust.

Kærur um útsvör séu komnar til nefndarinnar eigi síðar en 2 mánuðum eftir dagsetningu úrskurða yfirskattanevnda.

2. Að hafa eftirlit með störfum skattanevnda, skattstjóra og yfirskattanevnda og samræma skattaframtöl og skattaákvörðun í hinum einstöku skattaumdæmum. Skulu nefndarmenn eða þeir, er nefndin kveður til þess, ferðast um á milli skattanevnda og yfirskattanevnda í þessu skyni, þegar ástæða þykir til, og yfir höfuð leiðbeina um allt, er að skattaákvörðun og skattaframtali lýtur. Nefndin eða umboðsmenn hennar skulu og yfirfara skattaskrár og framtalsskýrslur. Ríkisskattanevnd getur af eigin hvötum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga um tekju- og eignarskatt, og getur í því skyni krafizt allra upplýsinga hjá skattþegnum, skattanevndum, skattstjórum og yfirskattanevndum.

Loks getur ríkisskattanevnd af sjálfsdáðum breytt ályktunum skattanevnda, skattstjóra og yfirskattanevnda, þótt ekki hafi verið kært, en jafnan skal hún þó gera aðilum aðvart áður en hún breytir skattgjaldi þeirra án þess að yfir hafi verið kært.

Úrskurður ríkisskattanevndar um eignar- og tekjuskatt er fullnaðarúrskurður, nema um dómstólamála sé að ræða samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt. Úrskurður nefndarinnar um útsvarskæru er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

5. gr.

Yfirskattanevndum ber að senda ríkisskattanevnd skattskrá ásamt framtalsskýrslum og skrá um eignir og tekjur framteljenda, er engan skatt greiða, jafnskjótt og þær hafa lokið störfum.

6. gr.

Ríkisskattanevnd hefir sama rétt til upplýsinga frá einstaklingum og stofnunum og skattanevndir samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, og enn fremur hefir nefndin átið aðgang að bókum banka og sparisjóða og annara peningastofnana fyrir sig og þá menn, er hún felur að rannsaka skuldir, innieignir, verðbréfaeign og annað, er lýtur að efnahag gjaldþegna.

7. gr.

Ríkisskattanevnd skal hafa gerðabók og rita í hana úrskurði og aðrar ákvarðanir.

8. gr.

Um skilyrði og skyldu til setu í ríkisskattanevnd, um þagnarskyldu nefndarmanna og um þátttöku þeirra í úrskurðum, er varða þá sjálfa eða venzlamenn þeirra, gilda sömu ákvæði og um skattanevndarmenn og yfirskattanevndarmenn samkvæmt gildandi skattalögum, og sömuleiðis um viðurlög, ef út af er brugðið.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður þóknun ríkisskattanevndar. Þóknunin, ásamt öðrum kostnaði við nefndina, greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um störf nefndarinnar er fjármálaráðuneytinu heimilt að setja með reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra. Fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

„Það hefir komið greinilega í ljós við athuganir, sem fram hafa farið um það efni, að framkvæmd skattalaganna er eigi lík því sem skyldi víða um land, og ennfremur, að freklega skortir á um samræmi í framkvæmd laganna milli hinna einstöku skattaumdæma.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, að skattþegnar landsins eiga fulla heimtingu á, að eitt sé látið yfir alla ganga í þessum efnunum, hvar sem þeir búa á landinu, og hlýtur sú krafa að verða borin fram fyrir löggjafarvaldið, að það sjái um, að sú aðstaða myndist um eftirlit í þessum málum, að fullt jafnræði ríki.

Í öðrum, að minnsta kosti nálægum löndum er þessum málum svo fyrir komið, að nefnd manna hefir lokaúrskurðarvald í skattamálum fyrir land allt, nema um dómstólamál sé að ræða, og jafnframt eftirlit með störfum þeirra, sem skattinn leggja á, og gætir nefndin samræmis um framkvæmd laganna og þess, að þeim sé framfylgt.

Þykir fullvist, að eigi fáist leiðrétting á því ástandi, sem nú ríkir, nema sett sé á stofn hér á landi nefnd, er hefir það verkefni, sem að ofan er lýst, og þess vegna er þetta frumvarp fram borið.

Milliþinganevnd sú í tolla- og skattamálum, sem starfaði á síðasta kjörtímabili, var þeirrar skoðunar óskipt, að slík nefnd væri algerlega nauðsynleg, og tók upp ákvæði um hana í frumvörp þau, er hún flutti, en þau frumvörp

hafa enn ekki orðið að lögum. Þykir rétt að flytja nú sérstakt frumvarp um þetta, þar sem álita verður mjög brýna nauðsyn á, að þessi skipun fái framgang. Ákvæðin í þessu frumvarpi um nefndina og störf hennar eru að mörgu leyti í samræmi við þau ákvæði um hana, sem millipinganefndin hafði sett í sín frumvörp um sama efni.

Verður þá minnzt einstakra greina, eftir því sem tilefni virðist til.

Um 1. og 2. gr.

Rétt þykir að hafa nefndarmenn eigi fleiri en 3 og skipa þá til ákveðins tíma. Er vitanlega hægt að endurskipa þá nefndarmenn, sem úr eiga að ganga, ef vel líka störf þeirra í nefndinni.

Um 3. gr.

Rétt þótti að ákveða nefndinni Skattstofu Reykjavíkur sem starfsstað. Þar eru fjölmörg gögn viðvikjandi skattamálum, er nefndinni geta komið að notum, og illmögulegt er ennfremur að endurskoða skattaálagninguna í Reykjavík nema í skattstofunni sjálfri. Á sumrin er einnig svo rúmt í húsnæði skattstofunnar, að nefndin getur vel komizt þar fyrir án þess að nokkur bagi verði að. Af húsnæði handa nefndinni þarf því enginn aukakostnaður að verða með þessu móti.

Þá þykir og vel við eigandi, að skattstjórinn í Reykjavík vinni með nefndinni henni til aðstoðar, að því leyti, sem það kemur eigi í bága við endurskoðun nefndarinnar á verkum hans. Þótt eigi sé tekið fram í frumvarpinu, verður vitanlega að gera ráð fyrir því, að nefndin fái notið aðstoðar skattstofunnar við ýms störf, en hún hefir á að skipa mönnum, sem þaulvanir eru í öllum störfum, er að skattaálagningu lúta. Mundi með því móti verða mikill kostnaðarléttir fyrir nefndina frá því, sem verða mundi, ef verkin þyrftu að vinnast af óvönnum mönnum, og það þótt vitanlega sé gert ráð fyrir, að nefndin taki þátt í skrifstofukostnaði skattstofunnar, að rétri tiltölu við þá aðstoð, sem hún nýtur þaðan.

Um 4. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um starf nefndarinnar, og er það tvíþætt, annarsveggar úrskurðir þeirra málefna, sem undir hana eru borin, og hinsveggar eftirlit með störfum allra þeirra, er skattaálagningu hafa með höndum.

Í lögum um útsvör frá 1926 er svo ákveðið, að æðsta úrskurðarvald um útsvarskærur sé hjá atvinnumálaráðuneytinu, þangað til sett verði á stofn landsyfirskattanefnd. Eigi verður um það deilt, að með landsyfirskattanefnd er átt við stofnun þá, sem í frumvarpi þessu er nefnd rikisskattanefnd, og er því úrskurðarvaldið um útsvarskærur flutt til hennar í frumvarpi þessu. Er slík nefnd einnig óneitanlega miklu eðlilegri aðili í málum sem þessum heldur en atvinnumálaráðuneytið.

Þar sem sýnt þykir, að eigi muni með öðru móti fást fullt samræmi í skattaálagningu eða fullt lag komast á framkvæmd laganna, er gert ráð fyrir

Því, að nefndarmenn eða umboðsmenn nefndarinnar ferðist um á milli skattanefnda til eftirlits.

Um 5. gr.

Gefur eigi tilefni til athugasemda.

Um 6. gr.

Ríkisskattanefnd hefir samkvæmt þessari grein sama aðgang að upplýsingum og aðrir, er við skattaálagningu fást, og til viðbótar aðgang að bókuum banka og sparisjóða. Þykir sjálfsgagt að láta ríkisskattanefnd hafa rétt til fullkominna upplýsinga frá þessum stofnunum, og enn fyllri rétt en skattanefndir í einstökum skattaumdæmum.

Um 7., 8., 9., 10. og 11. gr.

Greinar þessar gefa litið tilefni til athugasemda. Fyrirmæli 8. gr. eru höfð með tilvisun til gildandi skattalaga, þar sem óþarft þótti að taka upp í frumvarpið öll einstök atriði um þessi efni.

Rétt þótti að gera ráð fyrir reglugerð um störf nefndarinnar“.